



## Dagskrá

### 8.fundur stjórnar UMSB haldin í Ráðhúsi Borgarbyggðar 17.febrúar klukkan 17:00

1. **Sambandsstjóri setur fundinn klukkan**
2. **Fundagerð síðasta fundar samþykkt**
3. **Sambandsþing UMSB** - Haldið í Logalandi 12.mars - búið að senda út fundarboð.
  - a. **Ársskýrsla UMSB** - vinna við hana langt komin og Siggi fór í gegnum ýmis atriði varðandi hana.
4. **Tillögur á sambandsþing** - Siggi mun taka saman þær tillögur sem berast og einnig það sem kæmi frá stjórn.
5. **Landsmót UMFÍ 50+**
  - a. **Staða mótsins** - bæklingar tilbúnir, keppnisgreinar komnar á hreint og flestir sérgreinastjórar til í tuskið.
  - b. **Aðkoma aðildarfélaga og deilda** - þurfum að reyna að virkja þau eins og hægt er og þá kannski í gegnum sérgreinastjóra. Bragi ætlar að reyna að hvetja formenn til þess að koma að þessu verki.
6. **Framkvæmdir vegna Landsmóts UMFÍ 50+**
  - a. **Strandblak** - athuga með staðsetningu, t.d á bak við Nettó
  - b. **Pútt** - fundur með golfklúbbi væntanlegur, þurfa að vera með tvo velli tilbúna.
7. **Teams** - stjórnin byrjuð að nota þessa leið í samskiptum og upplýsingagjöf.
8. **Samningur við Hvalfjarðarsveit** - búið að undirrita samning.

9. **Skallagrímur bikarmeistari í kvenna körfu 2020** - stjórn afreksmannasjóðs er falið að ræða hvernig hægt er að heiðra Körfuknattleiksdeild Skallagríms.

10. **Önnur mál**